

Bæjarstjórn - 1928

## FUNDARBOÐ

**1928. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 13.  
mars 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 1912116 - Flóttamenn, samræmd móttaka**

1.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 5.mars sl.  
Samningur um samræmda móttöku lagður fram til afgreiðslu.

Ægir Örn Sigurgeirsson, deildarstjóri, mætir til fundar undir þessum lið.

Fjölskylduráð þakkar Ægi Sigurgeirssyni og Hrafnhildi Ágústsdóttur fyrir kynninguna.

Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti að ritað verði undir áframhaldandi samning um móttöku flóttafólks til sex mánaða, eða til 31.júní 2024. Um er að ræða framlengingu á þjónustu við sama fjölda.

Fjölskylduráð leggur áherslu á að starfræktur verði starfshópur um endurskoðun samnings um samræmda móttöku flóttafólks. Fjölskylduráð leggur einnig áherslu á að fulltrúi frá sveitarfélögum sitji í starfshópnum.

Málinu vísað áfram til bæjarráðs og bæjarstjórnar til staðfestingar.

**2. 2108625 - Umferðarhraði í Hafnarfirði**

8.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 6.mars sl.  
Tekið fyrir.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir framlagðar tillögur að nýjum hámarkshraða í Hafnarfirði og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

**3. 18129536 - Systkinaafsláttur, hádegismatur fyrir hafnfirsk grunnskólabörn**

6. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 6. mars sl.  
Lögð fram drög að breytingum á reglum um niðurfellingu fæðisgjalda í grunnskóla.

Fræðsluráð samþykkir breytingar á reglum um niðurfellingu fæðisgjalda og sendir til frekari afgreiðslu í bæjarstjórn.

**4. 2401214 - Samfylkingin, greiðslumiðlun, óskað upplýsinga um fyrirkomulag og samstarfsaðila bæjarins**

6. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 7.mars sl.

Lögð fram svör við fyrirspurn. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Samfylkingin þakkar framkomin svör. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

**5. 2402688 - Tunguhella 9, umsókn um lóð**

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 7.mars sl.

Lögð fram umsókn Tamba ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 9 við Tunguhellu.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 9 við Tunguhellu til Tamba ehf.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**6. 2402481 - Hryggjarás 14, umsókn um lóð**

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 7.mars sl.

Lögð fram umsókn Orra Péturssonar og Kristínar Birnu Ingadóttur um lóðina nr. 14 við Hryggjarás.

Lagðar fram umsóknir um Hryggjarás 14. Alls bárust sex umsóknir um lóðina og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Orra Péturssonar og Kristínar Birnu Ingadóttur. Til vara er dregin út umsókn Eiríks Viðars Sævaldssonar og Hafdísar Baldurssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**7. 2308577 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Álhella 1**

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 7.mars sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 24. nóvember 2023 að auglýsa breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 samhliða breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga vegna Álhellu 1 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagstillagan sem gerir ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðisins I4 inn á óbyggt svæði til austurs um 1,2 ha. var auglýst tímabilið 11.1-23.2.2024. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**8. 2302624 - Álhella 1, breyting á deiliskipulagi**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 7.mars sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 24. nóvember 2023 að auglýsa breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og breytingar á deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga vegna Álhellu 1 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreyting felur í sér stækkun lóðar Álhelli 1 og hækkun á nýtingarhlutfalli. Ástæðan fyrir stækkun lóðar Álhelli 1 er að Hringrás ehf. hyggst flytja endurvinnslustöð úr Sundahöfn í Reykjavík að Álhelli 1 í Hafnarfirði. Í framkvæmdinni felst m.a. móttaka og geymsla fyrir útflutning á brotajárni þ.m.t. farartækjum, yfir 1.500 tonnum á ári ásamt uppsetningu málmætara. Gert er ráð fyrir hljóðvegg innan lóðar meðfram lóðarmörkum Álhelli 1 og 3. Tillagan var auglýst að nýju samhliða breytingu á aðalskipulagi tímabilið 11.1. - 23.2.2024. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga vegna lóðarinnar að Álhelli 1 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**9. 2403006 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Hvaleyrarholt suðaustur**

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 7.mars sl.  
Lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna breytinga á landnotkun Hvaleyrarholts suðausturs.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa og kynna lýsingu vegna breytinga á landnotkun Hvaleyrarholts suðaustur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 samhliða breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðausturs og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**10. 2306477 - Hvaleyrarholt suðaustur, Þorlákstún, Lyngbarð, deiliskipulag**

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 7.mars sl.  
Lögð fram lýsing vegna breytinga á deiliskipulagi þorlákstúns. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu u.þ.b. 50 íbúða auk svæðis til útivistar, leiksvæði ásamt sleða-/skíðabrekku.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa og kynna lýsingu deiliskipulags Hvaleyrarholts suðausturs samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**11. 2403283 - Áskorun til sveitarfélaga, yfirlýsing ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélga, kjarasamningar 2024**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 8.mars sl. Til umræðu.

**12. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027**

Umræður, tillögur

Bæjarfulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi tillögu:  
Bæjarstjórn samþykkir að leiðrétta allar gjaldskrárhækkanir sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 þannig að almennar hækkanir verði ekki 9,9% að meðaltali heldur 3,5%. Þessar breytingar skulu koma fram 1. maí.

Ein af grundvallarforsendum þess að forsendur kjarasamninga haldi er lækkun verðbólgu og vaxta. Sveitarfélögin leika lykilhlutverk og hafa mörg sveitarfélög, þar með talið Hafnarfjörðu lýst vilja sínum til að lækka gjaldskrá sína. Það er mikilvægt að þessar leiðréttingar komi sem fyrst til framkvæmda til að lækunarferli verðbólgu og vaxta megi hefjast sem fyrst og sem hraðast.

### 13. 2402182 - Hælisleitendur, staða, fjöldi, fyrirspurn

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 7.mars sl.

7.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 28.febrúar sl.

Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Viðreisnar óska eftir málinu á dagskrá bæjarstjórnar. Umræður, tillögur. Greinargerð Hafnarfjarðarbær hefur tekið þátt í móttöku flóttafólks undanfarin ár og hefur lagt mikið á sig til að hjálpa fólki á flóttu. Nú er svo komið að álagið er farið að segja til sín. Það er því mikilvægt að ræða stöðuna og stefnuna í málaflokki.

Til máls tekur Jón Ingi Hákonarson. Einnig Rósa Guðbjartsdóttir. Þá tekur Guðmundur Árni til máls. Einnig Kristín Thoroddsen. Jón Ingi kemur til andsvars. Árni Rúnar Þorvaldsson tekur til máls og leggur fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að eftirfarandi tillögu verði vísað til umræðu og umsagnar í bæjarráði, fjölskylduráði og fræðsluráði milli bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að kjörin verði verði verkefnisstjórn til þess að halda utan um málefni hælisleitenda í sveitarfélaginu. Verkefnisstjórninni verður bæði ætlað að annast málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd sem og að halda utan um samræmda móttöku þeirra sem fengið hafa stöðu/kennitölu og njóta þjónustu bæjarfélagsins skv. samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Verkefnisstjórninni er einnig falið í samráði við Fræðslusvið að halda utan um skólagöngu barna í báðum þessum hópum með það að markmiði að styðja við inngildingu þeirra í íslenskt skólakerfi sem og að tryggja stuðning við skólakerfið til þess að taka á móti þessum hópi barna. Verkefnisstjórnin vinni með stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd bæði hvað varðar skipulag þjónustunnar, fjármögnun hennar og samskipti við ríkisvaldið vegna málaflokksins. Ennfremur sinni verkefnisstjórnin í samstarfi við hlutaðeigandi þjónustustofnanir bæjarins, kortlagningu á búsetu fólks í bænum og freisti þess að aðbúnaður verði viðunandi hvað húsnæði varðar. Verkefnisstjórnin hafi samráð við Fjölmeningarráð og aðrar nefndir og stofnanir bæjarins, enda verði verkefni hennar þverfaglegt og tilgangurinn að ná heildstætt utan um stöðu þessara mála í bæjarfélaginu og veita nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð, þar sem henni verður við komið. Verkefnisstjórnin heyri undir bæjarráð, sem geri erindisbréf fyrir verkefnisstjórnina og skipi hana.

Greinargerð:

Hafnarfjarðarbær hefur um langt skeið tekið virkan þátt í móttöku flóttafólks og hælisleitenda og bærinn hefur gert mikið í þessum málaflokki til þess að aðstoða og þjónusta fólk á flóttu. Hjá bænum er starfandi stoðdeild flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd innan fjölskyldu- og barnamálasviðs sem stofnuð var árið 2019 þar sem talin var þörf á sérhæfingu í þjónustunni. Hafnarfjarðarbær er með tvo þjónustusamninga. Annar er við Vinnumálastofnun

um að þjónustu úrræði fyrir 100 umsækjendur um alþjóðlega vernd en þar er einkum að um að ræða barnafjölskyldur sem bíða niðurstöðu í málum sínum hjá Útlendingastofnun. Hinn samningurinn við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks sem hlotið hefur stöðu/kennitölu um að þjónusta að lágmarki 350 manns og að hámarki 450 flóttamenn. Frá því stoðeildin tók til starfa árið 2019 hefur börnum sem njóta þjónustu stoðeildarinnar fjölgað jafnt og þétt og mikilvægt er að vel takist til í þjónustu við þau og nauðsynlegt er að skólakerfið sé í stakk búið til þess að taka á móti þeim með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Eins liggur það fyrir að talsverður fjöldi hælisleitenda mun hafa íveru í Hafnarfirði, með eða án atbeina yfirvalda og án tilkynninga þar um til bæjaryfirvalda. Mikilvægt er að ná utan um þennan hóp eins og kostur er. Að undanförunu hefur farið fram talsverð umræða um málefni hælisleitenda og flóttafólks í landinu. Hluti þeirrar umræðu hefur snúið að fjölda umsókna eftir vernd á Íslandi og fjölgun þeirra og bent á það álag sem þessi þróun hefur haft í för með sér á innviði landsins. Í ljósi stærðar málaflokksins, vaxtar hans á undanförunum árum og mikilvægi hans þá er mikilvægt að ná heildstætt utan um stöðu hans í bæjarfélaginu. Það er forsenda þess hægt sé að bæta skipulag þessara mála í bænum og skapar sterkari grundvöll í samskiptum bæjarins við ríkisvaldið. Þessi tillaga er viðleitni til þess að kortleggja verkefnið og ná utan um það, þannig að heildarsýn fái st. Fleiri leiðir eru færar í þeim efnum, en mikilvægast er að allar staðreyndir liggi fyrir á einum stað, þannig að allir róí í sömu átt og hafi nýjustu upplýsingar tiltækar á hverjum tíma.

Guðmundur Árni kemur til andsvars við ræðu Árna Rúnars. Orri Björnsson tekur til máls undir fundarstjórn forseta. Einnig Guðmundur Árni. Orri tekur aftur til máls undir fundarstjórn forseta. Árni Rúnar svarar næst andsvári frá Guðmundi Árna. Þá tekur Guðmundur Árni til máls öðru sinni.

Forseti ber næst upp framlagða tillögu Samfylkingarinnar. Er hún samþykkt samhljóða.

Jafnframt les forseti upp svohljóðandi drög að ályktun sem hann leggur til að bæjarstjórn samþykki:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á ríkið að halda áfram vinnu við að koma upp fjölskyldumiðstöð fyrir hælisleitendur og flóttafólk í bæjarfélaginu. Bæjaryfirvöld hafa átt í viðræðum við fulltrúa ríkisins um að koma upp slíku úrræði til að létta á álagi á skóla- og velferðarkerfi bæjarins og þar sem börn yrðu studd og undirbúin fyrir leik- og grunnskólagöngu. Í miðstöðinni yrðu fjölskyldurnar þjónustaðar á einum og sama staðnum og þar starfaði þverfaglegt teymi sérfræðinga sem styður við þær þarfir sem umsækjendur hafa. Álag á skóla- og velferðarkerfið er gríðarlegt en ekki síður er álag á þau börn og fjölskyldur sem hefja skólagöngu án undirbúnings. Í fjölskyldumiðstöðinni yrði í raun snemmtæk íhlutun til hælisleitenda og flóttafólks. Fjölskyldumiðstöðin myndi mæta foreldrum með yngri börnum sínum þar sem þau fengju stuðning, fræðslu og iðjupjálfun. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að tryggja áframhaldandi vinnu við að slík fjölskyldumiðstöð verði að veruleika í Hafnarfirði. Framhald málsins verði unnið í nánú samstarfi við sviðsstjóra Menningar- og lýðheilsusviðs og Fjölskyldusviðs, svo og formenn ráða, og tryggt að upplýsingar um framgang málsins verði vel kynnt í þeim ráðum sem málaflokkurinn heyrir til. Er ályktunin samþykkt samhljóða.

5.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 5.mars sl.

Meirihluti fjölskylduráðs tekur ekki undir tillögu Samfylkingarinnar um að stofnuð verði verkefnastjórn um málefni hælisleitenda í sveitarfélaginu. Málefni hælís- og flóttafólks er unnið þvert á svið, með stuðningi frá Brúarteymi og HOF, hælís og flóttamannadeild Hafnarfjarðar. Sviðsstjórum barna- og fjölskyldusviðs og mennta- og lýðheilsusviðs er falið að skoða verkferla og mögulegar tillögur að úrbótum.

Lögð verður áhersla á að málefni hælís- og flóttamanna verði með reglulegu millibili rædd á fundum fjölskylduráðs, fræðsluráðs og bæjarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, jafnaðarflokks Íslands, í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar telja brýnt að tillaga Samfylkingarinnar, sem lögð var fram á 1927. fundi bæjarstjórnar um að sett verði á laggirnar verkefnisstjórn til þess að halda utan um málefni hælisleitenda í bæjarfélaginu, verði samþykkt. Hafnarfjarðarbær hefur um langt skeið tekið virkan þátt í móttöku flóttafólks og hælisleitenda og bærinn hefur gert mikið í þessum málaflokki til þess að aðstoða og þjónusta fólk á flótta. Að undanfögnu hefur farið fram talsverð umræða um málefni hælisleitenda og flóttafólks í landinu. Hluti þeirrar umræðu hefur snúið að fjölda umsókna eftir vernd á Íslandi og fjölgun umsókna og bent hefur verið á það álag sem þessi þróun hefur haft í för með sér á innviði landsins. Þar hefur umræðan um áhrif þróunarinnar á skólakerfið verið fyrirferðarmikil en það er gríðarlega mikilvægt halda að halda utan um skólagöngu barna í þessum aðstæðum af festu með inngildingun þeirra í íslenskt skólakerfi að leiðarljósi sem og að tryggja það að skólakerfið sé í stakk búið til þess að taka á móti börnum í viðkvæmri stöðu. Í ljósi stærðar málaflokksins, vaxtar hans á undanfögnu árum og mikilvægi hans þá er brýnt að ná heildstætt utan um stöðu hans í bæjarfélaginu. Þá er aðkallandi að virkt samráð sé á milli þeirra aðila sem vinna að málefnum hælisleitenda í bæjarkerfinu og myndun verkefnisstjórnar sem hefði það verkefni að halda sérstaklega utan um málaflokkinn er ætlað að tryggja að það eigi sér stað. Fyrirnefnd tillaga Samfylkingarinnar frá síðasta fundi bæjarstjórnar, sem talar að öðru leyti fyrir sig sjálf, er viðleitni í þessa veru og því brýnt að hún verði samþykkt.

Fjölskylduráð tekur undir ályktun bæjarstjórnar um áskorun á ríkið að halda áfram vinnu við að koma upp fjölskyldumiðstöð fyrir hælisleitendur og flóttafólk í bæjarfélaginu.

4.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 6.mars sl.

Meirihluti fræðsluráðs tekur ekki undir tillögu Samfylkingarinnar um að stofnaður verði verkefnastjórn um málefni hælisleitenda í sveitarfélaginu. Málefni hælís- og flóttafólks er unnið þvert á svið, með stuðningi frá Brúarteymi og HOF, hælís og flóttamannadeild Hafnarfjarðar.

Sviðsstjórum mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs er falið að skoða verkferla og mögulegar tillögur að úrbótum.

Lögð verður áhersla á að málefni hælís- og flóttamanna verði með reglulegu millibili rædd á fundum fræðslu-, fjölskyldu- og bæjarráðs.

Jafnframt leggur meirihluti fræðsluráðs áherslu á að samtal við ríki um fjölskyldumiðstöð flóttá- og hælisleitenda verði haldið áfram.

Fulltrúar Samfylkingarinnar lögðu fram eftirfarandi bókun;  
Fulltrúar Samfylkingarinnar telja brýnt að tillaga sem lögð var fram af Samfylkingunni á bæjarstjórnarfundum nr. 1927 um að sett verði á laggirnar verkefnahóp til þess að halda utan um málefni hælisleitenda í bæjarfélaginu verði samþykkt.

Hafnarfjarðarbær hefur um langt skeið tekið virkan þátt í móttöku flóttafólks og hælisleitenda með það að markmiði að aðstoða og þjónusta fólk á flóttá með sem bestum hætti. Að undanförunu hefur farið fram talsverð umræða um málefni hælisleitenda og flóttafólks á landinu öllu. Hluti þeirrar umræðu hefur snúið að fjölda umsókna eftir vernd á Íslandi og fjölgun þeirra þar sem bent er á það álag sem þessi þróun hefur haft í för með sér á innviði landsins. Þar hefur umræðan um áhrif þróunar á skólakerfið verið fyrirferðarmikil. Við teljum því mikilvægt að halda utan um skólagöngu barna í þessum aðstæðum af festu með inngildingunni þeirra í íslenskt skólakerfi að markmiði sem og að tryggja það að skólakerfið sé í stakk búið til þess að taka á móti börnum í viðkvæmri stöðu. Í ljósi stærðar málaflokksins og vaxtar á undanförunum árum er mikilvægt að ná heildstætt utan um stöðuna.

## Fundargerðir

### 14. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 7. mars sl.

- a. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ferá 26. febrúar sl.
- b. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. febrúar sl.
- c. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 20. febrúar sl.
- d. Fundargerð 46. eigendafundar Sorpu bs. frá 19. febrúar sl.
- e. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16. febrúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 6. mars sl.

- a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 27. febrúar sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 5. mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 6. mars sl.

- a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16. febrúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 7. mars sl.

Fundargerð forsetanevndar frá 11. mars sl.

### 15. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

Bæjarstjórn samþykkir að næsti fundur bæjarstjórnar verði haldinn miðvikudaginn 10. apríl og ekki verði gert ráð fyrir fundum í ráðum og nefndum í vikunni sem hefst mánudaginn 1. apríl, annan í páskum, nema sérstök tilefni verði til.

11.03.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri